

Mývatnsstofa ehf  
Hlíðarvegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík 16. apríl 2019  
UST201903-138/P.V.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Dimmuborgir - Hallarflötin og Jólasveinahellirinn**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Mývatnsstofu ehf, dags., 15. mars 2019, um leyfi til að halda leiksýningar og taka á móti gestum í Dimmuborgum, n.t.t. í Sumarhelli, frá maí til september og á Hallarflöt í nóvember til desember. Óskað er eftir því að leyfið gildi til þriggja ára þ.e. frá maí 2019 til desember 2022.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 1262/2011. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á anna hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Í Sumarhelli fara sýningarnar fram frá maí - september, en um 14 dagsetningar eru að ræða að svo stöddu, alla fimmtudaga á tímabilinu 23. maí - 15. september. Óskað er eftir svigrúmi til að bæta við heimsóknum sé þess óskað og er vonast til þess að á næstu árum (til 2021) verði tekið á móti 40 hópum á þessu tímabili, maí-september. Ekki er gert ráð fyrir að bæta við fóstum sýningardögum heldur að hægt sé að bæta við tilfallandi sýningum, sé þess óskað, í samráði við sérfræðing Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit. Pláss er fyrir 40-50 manns á hverri sýningu. Viðvera jólasveinanna eru 2-3 klst hverju sinni yfir sumartímann, á bilinu kl. 13:00-16:00 þá daga sem sýningar eru haldnar. Ekki er þörf fyrir að fara út fyrir stíga. Takmarka þarf aðgang á meðan sýningu stendur vegna takmarkaðs pláss. Í desember fara sýningar fram á hverjum degi á tímabilinu 1.-24. desember. Utan þess tíma fara fram sýningar fram eftir samkomulagi og þá í samráði við starfmann Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit. Viðvera þeirra er 2-3 klst í senn, á tímabilinu kl. 11:00-14:00. Rukkað er fyrir sýninguna við innganginn að Hallarflöt. Á stærstu dögnum hafa allt að 500 gestir sótt sýninguna. Meðafjöldi gesta er um 60 manns á dag en heildarfjöldi gesta árið 2018 var 1440 manns. Markmiðið er að fá allt að 2000 gesti í Dimmuborgir á þessu tímabili árið 2021 og að lengja tímabilið til að dreifa álagi og byrja þá að taka á móti gestum um miðjan nóvember og jafnvel út desember. Ekki er þörf á að fara út fyrir stíga.

### *Áhrifamat:*

Það er mat sérfræðings Umhverfisstofnunar að umrætt verkefni valdi auknu álagi á svæðið auk þess að hafa áhrif á umferð innan náttúruvættisinsmeðan á því stendur. Þrátt fyrir það er það mat Umhverfisstofnunar að innviðir svæðisins beri vel það álag sem um ræðir og verkefnið hafi því ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé skilyrðum leyfis fylgt. Þá fer verkefnið fram annars vegar utan alfaraleiðar að sumri, hins vegar á lágannatíma að vetri og því eru áhrif á umferð svæðisins ekki afgerandi.

### *Skilyrði:*

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir leiksýningum jólasveina í Dimmuborgum, frá maí 2019 til desember 2022, sbr. lýsing verkefnisins hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Öll stýring, framsetning leiðbeininga og hverskonar aðgerðir til að bæta aðgengi að sýningum skulu eiga sér staði í samráði við sérfræðing Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breytingar verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Meðan sýningar fara fram að sumri til skal merkja svæðið við jólasveinahellinn svo gestum megi vera það ljóst að lokaður viðburður eigi sér þar stað á ákveðnum tímum.
- Meðan sýningar fara fram að vetri til skal merkja svæðið við Hallarflöt svo gestum svæðisins megi vera það ljóst að þar fari fram gjaldskyldur viðburður.
- Gestir svæðisins skulu halda sig innan merktra svæða þar sem umferð er heimil og gangi ekki á gróðri eða bergmyndunum.
- Jólasveinar skulu sýna gott fordæmi í umgengni sinni við svæðið og hvetja gesti sína til aðgátar við náttúruna.
- Óheimilt er að fara útfyrir stíga. Þó er heimilt að fara út fyrir stíga á Hallarflöt þegar jörð er hulin snjó.
- Á sumartíma skal taka tillit til þess dýralífs sem er á svæðinu.
- Starfsmenn verkefnisins skulu upplýstir um innihald leyfisins, skilyrði þess og friðlýsingaskilmála svæðisins í samráði við Umhverfisstofnun.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður eftir hverja sýningu.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi landeigenda gæti þurft fyrir verkefninu.

Landverðir Umhverfisstofnunar taka út svæðin sem um ræðir og gera ástandsmat á þeim tímabilum sem viðburðir fara fram. Umhverfisstofnun getur endurskoðað leyfisveitingu þessa ef ástandsmat gefur tilefni til eða ef umfang viðburðanna eykst mikið frá því sem tiltekið er í umsókninni.

Umhverfisstofnun getur afturkallað leyfi samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 ef skilyrðum þeirra er ekki fullnægt.

Umhverfisstofnun og Landgræðsla ríkisins óska eftir að fundað verði um framvindu verkefnisins að sýningu loknum ár hvert.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri



Davíð Örvar Hansson  
Teymisstjóri